



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 64. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

### 5. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 27. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemnum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**1. Ungmennaráð: Fundargerð 6. fundar frá 11. mars 2025.**

Lögð fram fundargerð 6. fundar Ungmennaráðs.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að boða til sameiginlegs fundar sveitarstjórnar og ungmennaráðs í maí þar sem farið verður yfir ýmis mál er lúta að málefnum barna og ungmenna. Varðandi tilmæli um aukinn opnunartíma íþróttamannvirkja þá er slíkt í skoðun og verður nýtt fyrirkomulag væntanlega kynnt innan tíðar. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

**2. Veitu- og framkvæmdaneftnd: Fundargerð 15. fundar frá 24. mars 2025.**

Lögð fram fundargerð 15. fundar Veitu- og framkvæmdaneftndar.

Varðandi lið 3.g. þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að fela yfirmanni eignasjóðs að meta kostnað við framkvæmdina og leggja minnisblað um málið fyrir sveitarstjórn. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Varðandi lið 8 þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að óska eftir kostnaðaráætlun frá veitustjóra áður en endanleg ákvörðun um verkið er tekin.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

**3. Fundargerð 298. fundar skipulagsnefndar frá 12. mars 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. mars sl.**

Lögð fram fundargerð 298. fundar skipulagsnefndar frá 12. mars 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. mars sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

**Mál nr. 25. Birkihlíð 1-5: Umsókn um byggingarleyfi; Raðhús.**

Erindi sett að nýju fyrir fund, ný aðalteikning móttokin þann 13.02.2025, er varðar breytingu á áður samþykktu erindi. Sótt er um byggingarleyfi fyrir vinnustofur í stað bílskúra í raðhúsini á íbúðarhúsalóðinni Birkihlíð 1-5 L232268 í Hrunamannahrepp.

JB JGS BV  
Aej GJA

Samkvæmt skilmálum deiliskipulags er heimilt að byggja 4 hús án bílageymslu innan lóðanna eða að öðrum kosti 3 hús með áföstum bílageymslum. Samkvæmt skilmálum deiliskipulags er því að jöfnu gert ráð fyrir íbúðum með og án bílskúra á reitnum. Að mati nefndarinnar er þó breytt nýting viðkomandi rýma úr bílageymslu í vinnustofur þess eðlis að nauðsynlegt sé að breyta skilmálum deiliskipulags þar sem gert verði ráð fyrir heimild fyrir auka íbúðum í stað bílskúra. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsméðferð á grundvelli 2. mgr. 43.gr. skipulagsлага nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Að mati nefndarinnar hefur heimild fyrir breyttri notkun bílskúrs ekki grenndaráhrif innan svæðisins og er því ekki talin þörf á grenndarkynningu. Eignarhald viðkomandi matshluta skal þó aldrei undanskilið frá íbúðinni sjálfri. Mælist nefndin jafnframt til þess að kröfum byggingarreglugerðar er varðar brunavarnir verði fullnægt m.t.t. þess að rýmið geti orðið bílskúr komi til þess að eigendur íbúðanna hafi hug á breyttri notkun í takt við heimildir deiliskipulags.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsméðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Að mati sveitarstjórnar hefur heimild fyrir breyttri notkun bílskúrs ekki grenndaráhrif innan svæðisins og er því ekki talin þörf á grenndarkynningu. Eignarhald viðkomandi matshluta skal þó aldrei undanskilið frá íbúðinni sjálfri. Mælist sveitarstjórn jafnframt til þess að kröfum byggingarreglugerðar er varðar brunavarnir verði fullnægt m.t.t. þess að rýmið geti orðið bílskúr komi til þess að eigendur íbúðanna hafi hug á breyttri notkun í takt við heimildir deiliskipulags.*

#### **Mál nr. 26. Galtafell: Sumarhús breytt notkun í safnhús.**

Móttekin var umsókn þann 28.02.2025 um breytta notkun á sumarhúsi í safnhús mhl 01 á sumarbústaðalandinu Galtafell L166911 (F2204070) í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsméðferð á grundvelli 44. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málínu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsméðferð á grundvelli 44. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málínu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

#### **Mál nr. 31. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. mars sl.**

*Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. mars sl.*

#### **4. Fundargerð 299. fundar skipulagsnefndar frá 26. mars 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. mars sl.**

Lögð fram fundargerð 299. fundar skipulagsnefndar frá 26. mars 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. mars sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

#### **Mál nr. 22. Grjótnáma í Syðra Langholti: Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu; Umsagnarbeiðni.**

Lögð er fram umsagnarbeiðni til Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna tilkynningar um matsskyldu sem tekur til grjótnámu í Syðra-Langholti.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórnir Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps að ekki verði gerðar athugasemdir við framlagða matskyldufyrirspurn sem tekur til grjótnámu að Syðra-Langholt. Að mati nefndarinnar er með fullnægjandi hætti gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum,

DS DGS Bz  
ARJ

mótvægisaðgerðum og helstu áhrifaþáttum s.s. er varðar lífríki- og gróðurfar, landslag og ásýnd og samfélag. Líkt og fram kemur í matsskýrslu er aukning á efnistöku háð aðal- og deiliskipulagsbreytingu auk útgáfu framkvæmdaleyfis vegna framkvæmdarinnar sjálfrar.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki athugasemdir við framlagða matskyldufyrirspurn sem tekur til grjótnámu að Syðra-Langholti. Að mati sveitarstjórnar er með fullnægjandi hætti gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisaðgerðum og helstu áhrifaþáttum s.s. er varðar lífríki- og gróðurfar, landslag og ásýnd og samfélag. Líkt og fram kemur í matsskýrslu er aukning á efnistöku háð aðal- og deiliskipulagsbreytingu auk útgáfu framkvæmdaleyfis vegna framkvæmdarinnar sjálfrar.*

**Mál nr. 23. Reitur ÍB3 Flúðum: Íbúðarsvæði í þjónustusvæði (S1); Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til reits ÍB3 innan þéttbýlisins á Flúðum. Í breytingunni felst heimild fyrir auknu byggingarmagni og hæðum bygginga innan svæðisins.

Við kynningu skipulagslýsingar bárust athugasemdir sem tóku til grenndaráhrifa vegna aukins byggingarmagns og hæðarfjölda á svæðinu. Að mati nefndarinnar er stefnan í samræmi við almenna stefnumörkun aðalskipulags Hrunamannahrepps er varðar nýtingarhlutfall og hæðarfjölda innan íbúðarsvæða. Að mati nefndarinnar eru framlagðar heimildir ekki þess eðlis að veruleg grenndaráhrif verði umfram núverandi heimildir og stefnumörkun eins og nánar er farið yfir innan deiliskipulagstillögu sem tekur til svæðisins. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Mál nr. 24. Vesturbrún 10-14: Öryggisíbúðir, hjúkrunarheimili og félagsþjónusta; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Vesturbrúnar 10-20 í Hrunamannahreppi. Á svæðinu er fyrirhugað að reisa þjónustuíbúðir ásamt félagsþjónustu fyrir aldraða. Framlögð deiliskipulagsbreyting nær til tveggja lóða við Vesturbrún 2-8 og 10-20. Í tillögunni felst að núverandi íbúðir sem eru á einni hæð við Vesturbrún 10, 12 og 14 verða fjarlægðar og nýtt eins til tveggja hæða íbúðarhús auk kjallara og bílageymslum neðanjarðar verða byggð í þeirra stað. Áætlað er að í húsinu verði 27 þjónustuíbúðir fyrir aldraða auk um 400 fm þjónustukjarna á einni hæð þar sem í verður félagsaðstaða aldraðra og matsalur. Íbúðarhúsið að Vesturbrún 2, 4, 6 og 8 og að 16; 18 og 20 koma til með að standa en þau verða endurgerð og íbúðum í þeim fjölgæð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

BJGS  
ARS Br  
GAA

**Mál nr. 25. Melakvísl 2A: Skilgreining lóðar og byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga óverulegrar deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Melakvíslar 2A L210669 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að skilgreindar eru tvær nýjar lóðir og byggingarreitir þannig að lóðin Melakvísl 2A minnkar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um að skilgreind verði staðföng innan deiliskipulags sem taka til nýrra lóða. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um að skilgreind verði staðföng innan deiliskipulags sem taka til nýrra lóða. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

**Mál nr. 26. Birkibyggð: Úr frístundabyggð í íbúðabyggð; Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Svæðið sem breytingin nær til er Birkibyggð sem er hluti af frístundabyggðinni F9 Kjóabyggð/Álfabyggð. Í breytingunni felst að Birkibyggð verður breytt úr frístundabyggð í íbúðabyggð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Mál nr. 31. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. mars sl.**

*Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. mars sl.*

5. **Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 118. fundar stjórnar frá 26. febrúar 2025.**  
Lögð fram fundargerð 118. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

6. **Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 119. fundar stjórnar frá 12. mars 2025.**  
Lögð fram fundargerð 119. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

7. **Oddvitaneft Uppsveita Árnessýslu: Fundargerð 9. fundar frá 11. mars 2025.**  
Lögð fram fundargerð 9. fundar Oddvitaneftar Uppsveita Árnessýslu.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

8. **Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Fundargerð 4. fundar fagnefndar frá 4.mars 2025.**

**-Ásamt tillögum í minnisblaði.**

Lögð fram fundargerð 4. fundar fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings ásamt tillögum í minnisblaði.

*JB JGS  
ARG , BV  
HA*

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur nefndarinnar um hækjun fjárhagsaðstoðar, greiðslna til stuðningsfjölskyldna, greiðslna fyrir heimaþjónustu(þrif), fargjald í ferðaþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra. Umræddar hækkanir gilda frá og með 1. apríl 2025.

*Að öðru leiti er fundargerðin ásamt minnisblaðinu lögð fram til kynningar.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

9. **Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 26. fundar stjórnar frá 14. mars 2025.**  
-Ásamt ársreikningi sem og ársreikningi Almannavarna Áressýslu.  
Lögð fram fundargerð 26. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu ásamt ársreikningi sem og ársreikningi Almannavarna Árnessýslu.

*Fundargerðin ásamt ársreikningum lögð fram til kynningar.*

10. **Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 16. fundar stjórnar frá 24. mars 2025.**  
Lögð fram fundargerð 16. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

11. **Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 212. fundar stjórnar frá 11. mars 2025**  
-Ásamt ársreikningi ársins 2024.  
Lögð fram fundargerð 212. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga ásamt ársreikningi.

*Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.*

12. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 82. fundar stjórnar frá 24. febrúar 2025.**  
Lögð fram fundargerð 82. fundar stjórnar Bergrisans bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

13. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 243. fundar frá 18. mars 2025.**  
-Ásamt ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.  
Lögð fram fundargerð 243. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

*Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.*

14. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 332. fundar stjórnar frá 18. mars 2025.**  
-Ásamt ársreikningi 2024.  
Lögð fram fundargerð 332. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands ásamt ársreikningi.

*Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

15. **Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 6. mars 2025.**  
Lögð fram umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktunum nr. 24/152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 101. mál.

*Lagt fram til kynningar.*

16. **Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 13. mars 2025.**

Lögð fram umsagnarbeiðni um 147. mál - Skipulag haf- og strandsvæða og skipulagslög.

*Lagt fram til kynningar.*

JB DGS  
BV ARG  
5 HAT

**17. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 18. mars 2025.**

Lögð fram umsagnarbeiðni um 158. mál – Borgarstefna.

*Lagt fram til kynningar.*

**18. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 20. mars 2025.**

Lögð fram umsagnarbeiðni um 161. mál – Rannsóknir á jarðlögum og hafsbotni á fyrirhugaðri gangaleið milli lands og Vestmannaeyja.

*Lagt fram til kynningar.*

**19. Bréf frá Skipulagsgátt vegna Fells, Bláskógabyggð mál nr. 0631/2024.**

Lagt fram bréf frá Skipulagsgátt vegna Fells í Bláskógabyggð. Landbúnaðarsvæði í verslun- og þjónustu, aðalskipulagsbreyting.

*Sveitarstjórn vísar í fyrrí bókanir um málið og telur mikilvægt að hugað sé að umferðarmálum og umferðaröryggi við skipulag á þessu svæði. Jafnframt hvetur sveitarstjórn Vegagerðina til að huga að framtíðarskipan vega á þessu svæði.*

**20. Bréf frá Gallup, ódagssett.**

Lagt fram bréf frá Gallup vegna árlegrar könnunar um Sveitarfélag ársins.  
*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í könnuninni.*

**21. Umsagnarbeiðni frá samgöngustofu frá 13. mars 2025.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá samgöngustofu um geymslustað ökutækja vegna umsóknar um starfsleyfi til reksturs ökutækjaleigu.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.*

**22. Bréf frá Samtökunum Landsbyggðin lifi frá 4. mars 2025.**

Lagt fram bréf frá Samtökunum Landsbyggðin lifi þar sem leitast er eftir samstarfi við sveitarfélög í dreifbýli vegna þátttöku í verkefninu „Coming, Staying, Living – Ruralizing Europe“. Verkefnið leitast við að efla byggð í dreifbýli og smærri samfélögum með áherslu á grunnþjónustu, sjálfbærni og samfélagsþol. Verkefnið er unnið í samstarfi við Finnland, Svíþjóð og Danmörku og fellur vel að áherslum Norðurlandaráðs um þróttmikil og sjálfbær samfélög þar sem fólk vill búa og starfa.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að óska eftir nánari upplýsingum um verkefnið og sækja um þátttöku reynist það áhugavert að mati sveitarstjóra.*

**23. Minnisblað sveitarstjórnar vegna samþykktu UTU frá 24. mars 2025.**

Lagt fram minnisblað sveitarstjórnar vegna ítrekaðra óska sveitarstjórnar Hrunamannahrepps um að gerðar verði breytingar á samþykktum UTU og að aðildarsveitarfélögum UTU verði heimilt að starfrækja sínar eigin skipulagsnefndir.

*Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði sent til sveitarstjórna sem aðild eiga að Byggðarsamlaginu UTU sem og til stjórnar UTU.*

**24. Málstefna Hrunamannahrepps.**

Lögð fram ný Málstefna Hrunamannahrepps en málstefnan er sett á grundvelli laga nr. 6/2011. Málstefnan var send öllum forstöðumönnum stofnana til umsagnar.

*Sveitarstjórn samþykkir málstefnuna samhljóða.*

JS JGS  
HET ARJ  
BV

**25. Auglýsing um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu í Hrunamannahreppi.**

Lögð fram auglýsing um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu í Hrunamannahreppi en sveitarfélagið auglýsir eftir aðilum til að nýta lóðina Ásgarð 2 innan Hrunamannafréttar.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að auglýsa eftir nýtingaraðilum að Ásgarði 2, Hrunamannahreppi að teknu tilliti til þeirra breytinga sem ræddar voru á fundinum.*

**26. Úthlutun lóða.**

Fyrir fundinum liggur ein umsókn um lóðina Iðjuslóð 4

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta fyrirtækinu Traustri tækni ehf. kt. 630523-0280, lóðinni Iðjuslóð 4 enda uppfylli umsækjandi skilyrði sveitarfélagsins um lóðarúthlutun.*

**27. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

*Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 10. apríl 2025.*

**Mál til kynningar:**

**28. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 964. fundar stjórnar frá 7.2.2025.**

*Lagt fram til kynningar.*

**29. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 971. fundar stjórnar frá 28.2.2025.**

*Lagt fram til kynningar.*

**30. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 972. fundar stjórnar frá 11.3.2025.**

*Lagt fram til kynningar.*

**31. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 81. fundar stjórnar frá 19. febrúar 2025.**

*Lagt fram til kynningar.*

**32. Hestamannafélagið Jökull: Fundargerð aðalfundar, ársreikningur og skýrsla stjórnar.**

*Lagt fram til kynningar.*

**33. Veiðifélag Árnesinga: Fundarboð aðalfundar ásamt ársreikningi.**

*Lagt fram til kynningar.*

**34. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 6. stjórnarfundar frá 13. janúar 2025.**

*Lagt fram til kynningar.*

**35. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 7. stjórnarfundar frá 14. febrúar 2025. -Ásamt starfsáætlun 2025.**

*Lagt fram til kynningar.*

**36. Öruggara Suðurland: Boð á ársfund Öruggara Suðurlands.**

*Lagt fram til kynningar.*

*Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:43.*

*Dóttir Geit Samuelsson*

*S. J.*

*Alexandra Dóttir Hannesdóttir*

*Alfheiður  
Bjarni Þorsteinsdóttir  
Bjarni Vignisdóttir*